

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. nóvember 2010
Tilvísun: UST20101000130/bs

Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn - Umsögn um matsskyldu

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Upplýsingar í tilkynningu um matsskyldu

Samkvæmt tilkynningu um matsskyldu er nú gert ráð fyrir að viðhaldsdýpkun á næstu þremur árum verði töluvert meiri en áður var áætlað eða um 320.000 m³. Ástæðan er aukinn framburður Markarfljóts í kjölfar gossins í Eyjafjallajökli og hlaupsins í Markarfljóti í kjölfar þess, auk þrálátra austanáttu sem flytja efni að höfninni. Gert er ráð fyrir að fyrsta árið, þ.e. frá nóvember 2010 til október 2011, verði magn dýpkunarefna allt að 180.000 m³, frá nóvember 2011 til október 2012 verði það um 80.000 m³ og um 60.000 m³ síðasta árið.

Í tilkynningunni kemur einnig fram að því efni sem upp kemur við dýpkunina verður varpað í hafið á þremur stöðum, þ.e. suðvestan, suðaustan og beint fyrir framan (sunnan við) höfnina. Losunarsvæðið suðaustan við höfnina verður aðal losunarsvæðið eins og verið hefur en það er framundan óss Markarfljóts og talið að losun þar hafi minnst áhrif. Á nýjum losunarstað sunnan við hafnarmynnið er ætlunin að efni verði losað þegar höfnin hefur lokast og reynt er að flýta dýpkun eins og kostur er með því að losa efnið á losunarstað sem er næstur höfninni. Þetta verður gert til að tryggja stuttan siglingartíma milli dýpkunarsvæðis og losunarsvæðis. Þegar höfnin er opin er ætlunin að losa efni fyrir austan og vestan höfnina.

Dýpi á losunarstöðunum er um 20 til 30 metrar og stærð hvers þeirra er um 300 x 300 m. Þykkt dýpkunarefnis verður að jafnaði innan við 2 m. Ekki kemur fram í tilkynningunni hversu mikið efni verður losað á hverjum stað.

Samkvæmt úttektum Þekkingarseturs Vestmannaeyja á losunarsvæðum suðvestan og suðaustan við Landeyjahöfn er botndýralífið mjög fábrotið og einkennandi fyrir svæði þar sem mikið öldurót er og/eða tilflutningar á botnseti mikill. Að mati þekkingarsetursins er ekki þörf á sýnatöku á nýjum losunarstað sunnan Landeyjahafnar þar sem svæðið er mjög áþekkt fyrri losunarsvæðum og engar líkur á að botndýralíf þar sé á einhvern hátt frábrugðið

botndýralífi á hinum svæðunum tveimur.

Umhverfisstofnun hefur verið í nokkrum samskiptum við Siglingastofnun Íslands vegna málefna Landeyjahafnar, eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila og er vísað til þeirrar umfjöllunar um þann þátt.

Niðurstaða

Miðað við fyrirliggjandi gögn telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugað varp dýpkunarefnis í hafið muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Leggja verður áherslu á að það er skilningur Umhverfisstofnunar að fyrst og fremst verði um að ræða varp í hafið á svæðinu suðaustan við Landeyjahöfn. Svæðið suðvestan við höfnina verði *eingöngu* notað ef sjólag og aðstæður eru þannig að erfiðleikum sé bundið að losa efni á austasta losunarsvæðinu (suðaustan við Landeyjahöfn), *enda var á sínum tíma mælt til þess að athugað yrði með færslu þessa svæðis vegna nálægðar við sæstrengi milli lands og Eyja. Vinnulag á að vera þannig að efni sé losað á austasta hluta losunarsvæðisins til að vera í sem mestri fjarlægð frá lögnum sem liggja til Vestmannaeyja*, en í tilkynningu um matsskyldu nú er bent á að vatnslögn til Vestmannaeyja liggja næst svæðinu, um 470 m frá vesturmörkum þess.


Losunarsvæðið sunnan við höfnina verði *eingöngu* notað þegar Landeyjahöfn hefur lokast og mikilvægt að flýta dýpkun eins og kostur er, þ.e. „neyðar“ losunarsvæði.


Ekki er gerðar athugasemdir við meginlínuna í framkvæmdinni en bent á eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir að varpa í hafið á 320.000 m³ af dýpkunarefni á þremur árum.

Miðað við 90.000 m² stór losunarsvæði og þykkt innan við 2 m verður ekki hægt að losa meira en 180.000 m³ á hverju svæði (ef fyrri losun er ekki dregin frá). Á austasta svæðinu og því vestasta er nú þegar búið að losa efni vegna dýpkunar í Landeyjahöfn. Losunarsvæðið suðaustan við Landeyjahöfn á að vera aðal losunarsvæðið en miðað við afmörkun svæðisins tekur það aðeins við ríflega helmingi af magni dýpkunarefna (180.000 m³) og þar af leiðandi yrði að óbreyttu að losa 140.000 m³ á hinum svæðunum tveimur. Miðað við þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningunni stendur aðal losunarsvæðið því vart undir nafni og þarf eitthvað að endurskoða afmörkun svæða (þannig að hægt verði að líta í hin svæðin tvö sem losunarsvæði sem eingöngu eru notuð í neyð eða við erfiðar aðstæður).

Varp í hafið er háð leyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri